

## FUNDARGERÐ

### 54. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn, 16. október 2007, kl. 8:30, í húsnæði K.H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.

Fundinn sátu: Amalía Björnsdóttir, formaður, Eyrún Rúnarsdóttir, Meyvant Þórólfsson, Sigurlína Davíðsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð. Sigurjón Mýrdal boðaði forföll.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin samþykkt.
2. Ráðstefna á vormisseri 2008, haldin laugardaginn, 23. febrúar, kl. 9:00 - 15:00, í Hamri, Kennaraháskóla Íslands. Samþykkt tillaga formanns um að tengja ráðstefnuna við atburði í tilefni af 100 ára afmæli kennaramenntunar á Íslandi árið 2008. Sigurlína hefur rætt við Penelope Lisi, prófessor við Central Connecticut State University, um að halda aðalfyrirlestur ráðstefnunnar, en hún er í samstarfi við aðila hér á landi. Samþykkt að frestur til að skila tillögum að fyrirlestrum verði til 17. des. nk. Ráðstefnan verði sett upp í málstofur þar sem hver fyrirlesari hefur 30 mínútur.

Stjórnarmenn ræði heiti ráðstefnu og efni aðalfyrirlesturs milli sín í tölvupósti. Sigurlína tók að sér að ræða nánar við Penelope um efni hennar fyrirlesturs á grunni þeirrar umræðu.

3. Námskeið fyrir rannsakendur á vegum FUM. Ákveðið að þau verði haldin laugardaginn, 3. nóv. nk., tvö fyrir hádegi og tvö eftir hádegi, þrjár klst. hvert og verði haldin í tölvuverum K.H.Í. (taka hvert um 15 manns). Þátttökugjald: kr. 4.000 fyrir félagsmenn og 4.500 fyrir utanfélagsmenn. Félagsmenn hafi forgang.

Efni námskeiða:	Umsjónarmenn:
Word	Baldur Sigurðsson
Exel	Alma Halldórsdóttir
Nvivo	Kristín Helga Guðmundsdóttir
EndNote	ekki ákveðinn

Amalía og Meyvant tóku að sér að athuga skráningarform.

4. Orðasafn á sviði menntunarfræða. Samþykkt tillaga formanns um að bréf til hugsanlegra samstarfsaðila og öflun fjár til verksins verði frestað til ársins 2008 og 100 ára afmæli kennaramenntunar nýtt til að vekja athygli og áhuga á þessu verkefni.

Formaður og gjaldkeri tóku að sér vinnu að fjáröflun.

Gerður lagði fram minnisblað um efni sem hún aflaði um íðorðavinnu með samtölum við Ágústu Þorbergsdóttur hjá Íslenskri málstöð; Sigrúnu Helgadóttur, tölfræðing, sem vinnur við tungutækni og vann við *Tölvuorðasafn*, sem unnið var á vegum Orðanefndar Skýrslutæknifélags Íslands; Hólmsfríði Gunnarsdóttur sem er að undirbúa vinnu orðanefndar í faraldsfræðum og Prof. Einar B. Pálsson sem hefur stýrt tveimur

orðanefndum og var ritstjóri *Umhverfistækni, Íðorðabók*, sem unnin var á vegum Orðanefndar byggingarverkfræðinga. Einnig lagði Gerður fram dæmi af netinu úr nokkrum fagorðasöfnum á sviði menntunarfræða sem nýta mætti sem fyrirmyndir.

Gerður tók að sér að kanna frekar áhuga á þessu verkefni.

5. Staða mála hjá Tímariti um menntamál. Frestað þar sem Ragnar ritstjóri tímaritsins var ekki mættur á fundinn.
6. Næsti fundur stjórnar ákveðinn miðvikudaginn 21. nóvember, kl. 15:00, í Bolholti 6.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 10.00.  
G.G.Ó.